



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2022

DANS1DL05
Daglegt líf

Kennari:	Brynja Ingadóttir brynja@fsu.is Sólveig Sigmarsdóttir solveigsigmarsdottir@fsu.is	Sk.st.	BI
		Sk.st.	SOS

Áfangalýsing: Í áfanganum er lögð áhersla á að byggja grunn í tungumálinu. Efni áfangans fjallar um daglegt líf og markmiðið er að styrkja alla færniþætti tungumálsins.

Tal: Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í að tala einfalda dönsku, tvö og tvö saman eða með kennara.

Hlustun: Nemendur vinna með hlustun sem tengist þeirra áhugasviði og daglegu lífi.

Ritun: Nemendur skrifa stutta texta eins og t.d. persónuleg bréf, nota nútíð og þátíð.

Orðaforði: Nemendur vinna með orðaforða í tengslum við námsefnið.

Lestur: Nemendur lesa smásögur og ýmiss konar texta af veraldarvefnum.

Undanfari: Enginn

Þekkingarmarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnþáttum í ritun á dönsku
- daglegu lífi ungs fólks í Danmörku
- stuttum textum sem fjalla um kunnuglegt efni
- orðaforða sem tengist áhugasviði og daglegu lífi
- einföldu daglegu talmáli um kunnuglegt efni

Leikni markmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- nota viðeigandi hjálpargögn og upplýsingatækni
- svara spurningum skriflega og skrifa stutta texta í samfelldu máli um efni sem hann hefur áhuga á eða þekkir til
- beita orðaforða á skýran og réttan hátt
- svara spurningum munnlega og taka þátt í einföldum samræðum um kunnuglegt efni
- skilja talað mál þegar talað er skýrt um kunnuglegt efni
- lesa ýmiss konar texta á eigin áhugasviði og beita viðeigandi lestraraðferðum hverju sinni

Hæfnimarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgjast með frásögnum og skilja aðalatriði ef efnið er kunnuglegt
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum greinum og draga ályktanir af því sem hann les
- tjá skoðun sína
- lesa einfaldan skáldskap sér til ánægju
- miðla eigin skoðunum og tilfinningum skrifa stutta samantekt, t.d. frá grein eða frétt af veraldarvefnum.

Námsefni:

- **Efni af veraldarvefnum**
- Skáldsaga: **Trælkvindens søn**, (Sagan sett í Innu)
- Smásögur: **Pip i papkassen og Gnist** (Efni úr Gnist sett í Innu)
- **Fjölmiðlar (DR)**

Kennsluáætlun í DANS1DL05, haustönn 2022

Vika	Dagsetning	Námsefni - Viðfangsefni	Próf og verkefni
1 - 4	18.ágúst. – 11. sept.	Vinna með orðabók, fara í helstu málfræðiatriði, sjónvarpsefni, Pip i papkassen (smásögur).	Orðabókaverkefni, málfræðiverkefni, hlustun og lestur smásagna +verkefni og próf.
5 - 8	12.sept. – 9.okt.	Pip i papkassen (smásögur), Gnist (smásögur), sjónvarpsefni, ritun.	Hlustun, munnlegtpróf 1 og ritunarverkefni 1.
9 - 12	10.okt. – 6.nóv.	Pip i papkassen (smásögur), Gnist (smásögur), sjónvarpsefni og ritun.	Ritunarverkefni 2, hlustunarpróf 1, lesskilningsverkefni, munnlegt próf 2.
13 - 16	7.nóv - 4.des.	Gnist (smásögur), sjónvarpsefni og ritun. Trælkvindens søn, sjónvarpsefni og ritun.	Lesskilningsverkefni, Munnlegt próf 3, lesskilningsverkefni, Hlustunarpróf 2 og ritun.

Áfanginn er án lokaprófs.

Námsmat er fjölbreytt og fer eftir viðfangsefni hverju sinni. Námsmatið nær til allra færniþátta tungumálsins þ.e. Lesturs og lesskilnings, hlustunar, ritunar og talaðs máls. Flest verkefni eru metin til námsmats.

Námsmat

Námspáttur	Fjöldi verkefna /námsmats	Vægi
Ritun	2	10%
Munnlegt	3	20%
Hlustunarpróf	2	20%
Trælkvindens søn	2	10%
Smásögur	5	30%
Virgni og vinnubrögð		10%

ATH. Nemendur verða að temja sér að fara inn á Innu daglega til að fylgjast með hvað er á döfinni.

Ef nemendur nota Google Translate við verkefni þar sem það er ekki leyfilegt, fá nemendur 0 fyrir verkefnið.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Brynja Ingadóttir

Sólveig Sigmarsdóttir